

Peningastefnan og stjórnþæki hennar

Markmið peningastefnunnar

Markmið stefnunnar í peningamálum er stöðugt verðlag. Hinn 27. mars sl. var tekið upp formlegt verðbólgu-markmið sem hér segir:

- Seðlabankinn stefnir að því að árleg verðbólga, reiknuð sem árleg hækkun vísitölu neysluverðs á 12 mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.
- Víki verðbólga meira en ±1½% frá settu marki ber bankanum að gera ríkisstjórninni grein fyrir ástæðu fráviksins, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hvenær hann telur að verðbólgu-markmiðinu verði náð að nýju. Greinargerðin verður birt opinberlega.
- Seðlabankinn skal stefna að því að ná markmiðinu um 2½% verðbólgu ekki síðar en í árslok 2003.
- Til ársloka 2003 gilda rýmri **efri** mörk sem hér segir: Árið 2001 má verðbólga í mesta lagi verða 3½% umfram verðbólgu-markmiðið og 2% á árinu 2002.
- Ársfjórðungslega birtir Seðlabankinn verðbólgu-spá tvö ár fram í tímann og gerir grein fyrir henni í *Peningamálum*.

Með peningastefnunni er miðað að því að halda verðlagi stöðugu og því verður henni ekki beitt til þess að ná öðrum efnahagslegum markmiðum, svo sem jöfnuði í viðskiptum við útlönd eða mikilli atvinnu, nema að því marki sem slíkt samrýmist verðbólgu-markmiði bankans.

Helstu stjórnþæki peningastefnunnar

Seðlabankinn framfylgir peningastefnunni einkum með því að stýra vöxtum á peningamarkaði, fyrst og fremst með ákvörðun ávöxtunar í endurhverfum viðskiptum sínum við lánastofnanir. Ávöxtun á peningamarkaði hefur sterk áhrif á gjaldeyrisstrauma og þar með á gengi krónunnar og til lengdar innlenda eftirspurn. Viðskiptum við lánastofnanir má í grófum dráttum skipta í föst viðskiptaform annars vegar og markaðsaðgerðir hins vegar.

Föst viðskiptaform:

- Viðskiptareikningar geyma óráðstafað fé lánastofnana. Þeir eru uppgjörreikningar vegna greiðsluþjónunnar milli innlánsstofnana og millibankaviðskipta, þar á meðal viðskipta við Seðlabankann. Vextir þessara reikninga mynda gólf fyrir daglánavexti á millibankamarkaði.

- *Daglán* eru veitt að ósk lánastofnana og tryggð með sömu verðbréfum og hæf eru í endurhverfum viðskiptum (sjá síðar). Vextir daglána mynda þak yfir daglánavexti á millibankamarkaði.
- *Innstæðubréf* eru veitt til 90 daga, að ósk lánastofnana. Þau eru ekki skráð en þó hæf í endurhverfum viðskiptum. Hlutverk þeirra er að setja gólf undir ávöxtun þriggja mánaða vaxta á peningamarkaði.
- *Bindiskylda* er lögð á lánastofnanir sem ekki eru háðar fjárlögum í rekstri sínum. Hún miðast við bindigrunn sem er niðurstöðutala efnahags að frádregnu eigin fé og millibankaskuldum í lok fyrri mánaðar. *Bindihlutföll* eru 1,5% fyrir þann hluta bindigrunnis sem bundinn er til eins árs eða lengur, en 4% fyrir þann hluta sem bundinn er til skemmri tíma. *Binditímabil* miðast við 21. dag hvers mánaðar til 20. dags næsta mánaðar og skal innstæða á bindireikningi ná tilskildu hlutfalli að meðaltali á binditímabilinu.

Markaðsaðgerðir:

- *Endurhverf viðskipti* eru helsta stjórnþæki Seðlabankans. Vikulega eru haldin uppboð á 14 daga samningum. Lánastofnanir þurfa að leggja fram hæf verðbréf, þ.e.a.s. ríkistryggð bréf með virkri viðskiptavakt á Verðbréfaþingi Íslands. Uppboðin geta verið ýmist fastverðsuppboð eða uppboð þar sem heildarfjárhæð framboðinna samninga er tilkynnt. Fastverðsuppboð hafa verið reglan til þessa.
- *Viðskipti á verðbréfamarkaði* takmarkast við ríkistryggð verðbréf.
- *Inngripum á gjaldeyrismarkaði* er einungis beitt telji Seðlabankinn það nauðsynlegt til þess að stuðla að verðbólgu-markmiði sínu eða ef hann telur að gengisveiflur geti ógnað stöðugleika fjármálakerfisins.

Yfirlit vaxta Seðlabankans

Viðskiptaform 31. júlí 2002	Vextir nú (%)	Síðast breytt	Breyting (prósents- stig)	Vextir fyrir ári (%)
Viðskiptareikningar	5,7	21/5/02	-0,2	6,7
Daglán	10,9	21/6/02	-0,3	12,4
Innstæðubréf.....	8,0	21/6/02	-0,3	10,7
Bindiskylda.....	7,1	21/6/02	-0,3	9,5
Endurhverf viðskipti....	8,5	25/6/02	-0,3	10,9